

Ákærði var úrskurðaður í gæsluvarðhald 2. apríl og hefur verið í gæslu síðan. Er rétt skv. 76. gr. alm. hegningarlaga, að vist þessi skuli dregin frá refsingu hans.

Ákærði verður dæmdur til að greiða kostnað af sökinni, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmans, 300.000 kr., svo og málssóknarlaun til ríkissjóðs, 300.000 kr., en Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari fór með málið sem sækjandi.

Dómsorð:

Ákærði, Þráinn Hleinar Kristjánsson, sæti fangelsi 16 ár. Frá refsingunni dragist gæsluvarðhaldsvist hans, 196 dagar.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar, þar á meðal málssóknarlaun til ríkissjóðs, 300.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmans, 300.000 krónur.

Mánudaginn 4. maí 1981.

Nr. 221/1979. Nesco h/f

(Hjörtur Torfason hrl.)

gegn

Neytendasamtökunum

(Benedikt Sveinsson hrl.).

Ærumeiðingar. Ómerking ummæla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Björn Sveinbjörns-son, Ármann Snævarr, Magnús P. Torfason, Sigurgeir Jóns-son og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut héraðsdómi fyrst til Hæstaréttar 13. mars 1979 (hæstaréttarmál nr. 51/1979), en útivistardómur gekk í því máli 3. desember 1979. Áfrýjað var á ný 31. desember s. á. Dómkröfur áfrýjanda eru, að fréttatilkynning frá stefnda, Neytendasamtökunum, 13. október 1977 verði

ómerkt með dómi. Fréttatilkynningin er tekin upp í forsendur héraðsdóms. Þá krefst áfrýjandi, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum hæfilega fjárhæð til að kosta birtingu dóms í málinu í dagblöðum. Til vara krefst áfrýjandi þess, að tiltekin ummæli, hin sömu og greinir í hinum áfrýjaða dómi, verði ómerkt og stefnda dæmt að greiða dómsbirtingarkostnað, eins og segir í aðalkröfu. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Kröfur stefnda eru efnislega þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti.

Mál þetta er meiðyrðamál, og verður krafa áfrýjanda um ómerkingu ummæla byggð á 241. gr. almennra hegningarlaga, þó að krafa sé ekki gerð um refsingu eða bætur.

Stefndi í máli þessu er félag. Var hin átalda fréttatilkynning gefin út í nafni þess. Mátti beina ómerkingarkröfunni að félaginu, eins og gert var.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. desember 1978.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 29. f. m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 1. nóvember 1977, af Nesco h/f, Laugavegi 10 hér í borg, gegn Neytendasamtökunum, Baldursgötu 12, einnig hér í borg. Dómkröfur stefnanda eru þær, að fréttatilkynning frá stefnda, sem birst hafi í dagblöðunum Morgunblaðinu, Vísi, Dagblaðinu og Tímanum 20. október 1977 og í Alpýðublaðinu 19. október 1977 og í Þjóðviljanum 21. október 1977, verði dæmd dauð og ómerk.

Fréttatilkynningin hljóðar svo:

„Undanfarið hafa birst í dagblöðunum auglýsingar frá einum innflytjanda litsjónvarpstækja og er í þeim vitnað í niðurstöður kannana, sem birtar eru í júlíhefti þýzka neytendablaðsins Test.

Af þessu tilefni vilja Neytendasamtökin benda á, að þýzku neytendasamtökin eru í alþjóðasamtökum neytenda (IOCU) og eitt af inntökuskilyrðum þeirra er, að aðildarfélögin leyfi engum að hagnýta sér í hagnaðarskyni upplýsingar þeirra eða ráðleggingar. Upplýsingar þær, sem koma fram í auglýsingunni, hljóta því að vera birtar í algjöru heimildarleysi. Hitt er þó alvarlegra, að í auglýsingunni er farið mjög frjáltslega með staðreyndir og dregnar skakkar ályktanir af gefnum forsendum. Aðferðin, sem þýzka blaðið notar er að gefa hinum ýmsu tækniatriðum sjónvarpstækjanna einkunn ýmist plús eða mínus. Auglýsandiinn beitir síðan þeirri lævísu brellu að leggja saman plúsa og draga síðan mínusana frá og þykist þannig vera búinn að finna út einkunnina, sem tækið fær. Þetta er mjög villandi þar eð tæki getur fengið plús fyrir heldur lítilvægt atriði, en aftur mínus fyrir þau, sem mikilvægari geta talizt. Af þessu leiðir, að hver plús og hver mínus vegur ekki jafnt. Þess skal getið, að þetta er aðferð, sem blaðið sjálft treystir sér ekki til þess að nota. Á hitt ber einnig að benda, að könnunin nær einungis til ákveðinna tegunda sjónvarpstækja þ. e. þeirra, sem ætlað er að standa á borði og hafa ákveðna skermastærð. Hún segir því ekkert um aðrar gerðir sömu tegundar. Til viðbótar má benda á, að könnunin nær eingöngu til tækja, sem algengust eru á þýzkum markaði en ekki íslenskum. Slíkar kannanir sem þessi eru fyrst og fremst gerðar til þess að auðvelda fólki að taka ákvarðanir, en ekki til þess að taka ákvarðanir fyrir fólk. Af þessu gefna tilefni vilja Neytendasamtökin eindregið vara fólk við auglýsingum af þessu tagi.

F. h. Neytendasamtakanna

Reynir Ármannsson, formaður“.

Til vara krefst stefnandi þess, að eftirfarandi tvær málsgreinar verði dæmdar dauðar og ómerkar:

„Hitt er þó alvarlegra, að í auglýsingunni er farið mjög frjáltslega með staðreyndir og dregnar skakkar ályktanir af gefnum forsendum“ og „Auglýsandiinn beitir síðan þeirri lævísu brellu að leggja saman plúsa og draga síðan mínusana frá og þykist þannig vera búinn að finna út einkunnina, sem tækið fær.“

Stefnandi gerir og þá kröfu, að stefndi kosti birtingu dómsins í öllum framangreindum blöðum, og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi.

Sáttatilaunir dómsins báru ekki árangur.

Málavextir eru þeir, að þýska neytendablaðið „Test“ birti í júlíhefti 1977 niðurstöður könnunar á gæðum litsjónvarpstækja, sem farið hafði fram á vegum belgisku neytendasamtakanna í samvinnu við neytendasamtök Hollands og þýsku Vörurannsóknarstofnunina, útgefanda blaðsins „Test“. Alls 28 litsjónvarpstækni voru prófuð, en 20 þeirra voru fánleg í verslunum í Þýskalandi, og birti blaðið niðurstöðuna varðandi þessi 20 tæki. Tækin voru valin eftir myndskermi 66/67 cm og úthljóðsfjarstýringu og voru keypt til könnunarinnar eftir október 1976. Matskerfi var ákveðið sameiginlega af samtökunum, sem stóðu fyrir könnuninni, og var það þannig, að hinir ýmsu þættir tækisins vógu misþungt: „búnaður“ var metinn 5%, „stýrisbúnaður“ 5%, „myndgæði“ 45%, „hljóðgæði“ 20%, „viðhaldspægindi“ 5%, „traustleiki tæknibúnaðar“ 5%, og „fjarstýring“ 15%. Þessir þættir voru síðan metnir í hverju tæki fyrir sig, og voru matsstigin 5 talsins: „mjög gott“, „gott“, „fullnægjandi“, „rétt fullnægjandi“ og „ófullnægjandi“ með tilheyrandi plúsmerkjum og mínusmerkjum og 0-merki fyrir „fullnægjandi“. Undir hverjum aðalþætti tækisins, sem metinn var, voru undirþættir, sem fengu sín stig, þannig að alls voru 43 atriði, sem metin voru í hverju tæki. Neytendablaðið „Test“ birti könnunina í heild, og mátti þar sjá í nákvæmri uppsetningu blaðsins á tveimur opnum, hvaða stig hver þáttur hvers hinna 20 litsjónvarpstækja fékk hjá rannsakendum. Allt var þetta birt með skýringum og athugasemdum blaðsins, ætlað neytendum í Vestur-Þýskalandi til glöggvunar og aðstoðar við kaup á slíkum tækjum. Í aðgangsorðum blaðsins segir, að í ljós hafi komið aðeins óverulegur gæðamunur á þessum 20 tækjum, en þeim mun meiri hafi verðmunurinn verið. Öll tækin hafi fengið einkunnina „gott“ í niðurstöðu könnunarinnar, en hæstu einkunn hafi fengið Grundig Super Color 8250 og ITT Schaub-Lorenz Digitimer Ideal Color 1789. Grundig verksmiðjurnar í Þýskalandi gefa út blað um framleiðslu sína, og kemur blað þetta út tvisvar til þrisvar sinnum á ári hverju. Í sumarhefti blaðsins 1977 er fjallað um niðurstöðu þessarar könnunar, og segir í blaðinu, að öll prófuð sjónvarpstæki hafi verið úrskurðuð „góð“ í blaðinu „Test“, en maður finni ekkert tæki, sem hafi fengið „mjög gott“ eins oft fyrir einstaka þætti og tækið Super Color 8250. Umboðsmaður Grundig verksmiðjanna á Íslandi, stefnandi máls þessa, fékk auglýsingateignara til þess að gera auglýsingu fyrir Grundig sjónvarpstæki, byggða á

niðurstöðu þessarar könnunar. Gerð var heilsíðuauglýsing, sem birtist margoft í dagblöðum hér á landi haustið 1977. Auglýsingin, sem lögð hefur verið fram í máli þessu, var samsett úr fimm einingum, fyrirsögn, mynd af forsíðu neytendablaðsins „Test“, einni síðu af einkunnatöflu blaðsins, töflu með „samlögðum stigafjölda hvers hinna 20 tækja (plúsar að frádregnum mínusum)“ svo og texta með skýringu á því, hvað verið sé að auglýsa og hvernig sú niðurstaða sé fengin, sem stigataflan segir um. Textinn var svohljóðandi:

„Tímaritið Test er gefið út af vestur-þýsku neytendasamtökunum. Það er eitt útbreiddasta rit sinnar tegundar í Evrópu, gefið út í 600.000 eintökum. Gæði litsjónvarpstækja er eitt þeirra mála sem Test kannar. Í yfirgripsmikilli könnun sem Test framkvæmdi nýlega voru 20 helstu gerðir littækja á vestur-þýskum markaði reyndar og metnar. Voru 36 tækniatriði skoðuð og einkunnir gefnar (tveir plúsar mest og tveir mínusar minnst). Séu plúsar lagðir saman og mínusar dregnir frá fær tækið frá GRUNDIG flest stig. GRUNDIG tækið var einnig annað tveggja sem hlaut hæstu einkunn fyrir myndgæði: „Sehr gut“ — mjög gott. Milljónir manna treysta þessu blaði og velja vörur samkvæmt umsögn þess. Það er heldur engin tilviljun að meira en fjórða hvert littæki í Vestur-Þýskalandi er einmitt GRUNDIG.“

Stefndi, Neytendasamtökin, sendi þá frá sér fyrrgreinda fréttatilkynningu, sem birt var í dagblöðum, eins og getið er hér í upphafi.

Málsástæður.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að fréttatilkynning stefnda sé röng í meginatriðum og meiðandi fyrir stefnanda. Stefndi, Neytendasamtökin, njóti talsverðrar virðingar hér á landi og því hafi fréttatilkynning þeirra vakið talsverða athygli. Eftir að hún birtist, hafi stefnandi og starfsmenn hans orðið fyrir aðkasti og þeim hafi verið brigslað um lygar og auglýsingaskrum og sé þannig ljóst, að hið góða nafn, sem stefnandi hafi reynt að skapa sér í viðskiptaheiminum, hafi beðið hnekki við hin tilhæfulausu ummæli stefnda. Stefndi hafi hér látið óviðurkvæmlega ummæli falla um stefnanda, sem engin ástæða hafi verið til að viðhafa. Slíkt sé andstætt lögum, sem verndi einkalíf manna og æru, í 25. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, enda hafi engin rök komið fram af hálfu stefnda fyrir ummælum þessum.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að í fréttatilkynn-

ingunni hafi ekki verið nein meiðandi ummæli um stefnanda eða vörur þær, sem stefnandi hafi á boðstólum. Stefndi hafi sent frá sér fréttatilkynninguna til þess að leiðrétta hugsanlegan mis-skilning fólks þess efnis, að tímaritið „Test“ hefði látið í ljós það álit, að Grundig litsjónvarpstæki væru þau bestu af þeim tegundum, sem nefnd hafi verið í auglýsingu stefnanda. Í auglýsingunni hafi staðið með stórrí fyrirsögn: „Grundig nr. eitt í könnun v-þýska neytendablaðsins Test“. Þessi ummæli séu beinlínis röng og villandi, þar sem hvergi sé þess getið í könnuninni, að ein gerð litsjónvarpstækja sé annarri betri. Stefndi hafi og sýnt fram á, að upplýsingarnar frá ritinu „Test“ hafi af stefnanda hálfu verið birtar í heimildarleysi. Stefndi hafi undir rekstri málsins viðurkennt, að rétt sé hermt í fréttatilkynningunni, að plúsar og mínusar vegi mismikið í könnuninni, og þegar þetta sé virt, sé ljóst, að meginmál fréttatilkynningar stefnda séu staðreyndir. Þess vegna sé aðalkrafa stefnanda um ómerkingu allrar tilkynningarinnar út í hött. Varakrafan fjalli um tvær setningar og stefndi bendi á, að alls ekki sé ofmælt, sem þær segi. Stefndi hafi í auglýsingunni farið frjáltslega með staðreyndir, þegar fullyrt sé, að Grundig hafi verið nr. eitt í könnuninni. Þetta sé beinlínis rangt. Einnig þegar gefið sé í skyn, að Grundig tæki séu öll nr. eitt, ekki aðeins þessi ákveðna tegund, sem prófuð var, einnig þegar ekki sé getið um það, að könnunin hafi eingöngu náð til ákveðinnar tegundar litsjónvarpstækis, og auglýsingin hafi ekki getið þess, að öll hin prófuðu tæki hafi verið talin „góð“ og að aðeins óverulegur munur hafi fundist á gæðum þeirra. Blað Grundig verksmiðjunnar hafi tekið skýrt fram, að hér hafi verið um að ræða eitt ákveðið tæki, en slík vinnubrögð hafi stefnandi ekki viðhaft. Ljóst sé því, að stefnandi hafi farið mjög frjáltslega með staðreyndir og dregið skakkar ályktanir af gefnum forsendum. Síðari setningin lúti að lævísri brellu, sem stefnandi hafi beitt. Stefndi hafi bent á það, að stefnandi hafi í auglýsingunni beitt aðferð, sem virtist vera fundin upp af stefnanda, þar sem hvorki þýska neytendablaðið né blað Grundig verksmiðjanna hafi viðhaft slíkt. Það sé að leggja saman alla plúsa, sem tækin fá í könnuninni, og draga alla mínusana frá. Þannig fáiist út einhver 50 stig fyrir Grundig tækið, en hin fái öll færri stig og það lægsta aðeins 29. Þessi „stigatafla“, sem stefnandi hafi búið til, sé beinlínis villandi, þar sem tækniatriðin skipti mismunandi miklu máli, þegar sjónvarpið í heild er metið. Auglýsing stefnanda gefi í skyn, að

Grundig tækið sé næstum helmingi betra en Imperial tækið, þar sem hið fyrra fái 50 stig, en hið síðara 29. En bæði tækin fái hins vegar, eins og öll tækin í könnuninni, einkunnina „gott“, en það hafi stefnandi ekki birt í auglýsingunni. Þetta sé ekkert annað en lævis brella, þar sem hér sé beinlínis verið að telja fólki trú um, að gæði Grundig tækja séu meiri en könnun tímaritsins gefi til kynna. Stefnandi hafi því notað virt neytendablað í heimildarleysi til þess að segja væntanlegum kaupendum litsjónvarpstækja meira en könnunin fjallaði um.

Niðurstaða.

Fallast ber á það með stefnda, Neytendasamtökunum, að fréttatilkynning sú, sem stefnandi hefur krafist ómerkingar á, sé í meginatriðum sönn. Verður aðalkrafa stefnanda því ekki tekin til greina, þar sem sönn ummæli verða ekki dæmd dauð og ómerk.

Varakrafa stefnanda lýtur að tveimur setningum í grein þessari. Fyrri setningin er þannig: „Hitt er þó alvarlegra, að í auglýsingunni er farið mjög frjálsglega með staðreyndir og dregnar skakkar ályktanir af gefnum forsendum.“ Í hinni umdeildu auglýsingu stefnanda var því haldið fram, að Grundig hefði orðið nr. eitt í könnun vestur-þýska neytendablaðsins Test. Í máli þessu er í ljós leitt, að þessi fullyrðing, sem er langmest áberandi í nefndri auglýsingu, sé röng. Grundig tækið, sem prófað var, fékk hæstu einkunn ásamt tækinu ITT Schaub-Lorenz Digitimer Ideal Color 1789. Einnig er þess að geta, að í auglýsingunni er ekki tekið fram, að einungis hafi verið prófað eitt ákveðið tæki frá Grundig verksmiðjunum. Þegar þetta er virt, er ljóst, að svo mikill sannleikur felst í nefndri setningu, að krafa stefnanda um ómerkingu hennar verður ekki tekin til greina.

Síðari setningin er þannig: „Auglýsandinn beitir síðan þeirri lævisu brellu að leggja saman plúsa og draga síðan mínusa frá og þykist þannig vera búinn að finna út einkunnina sem tækið fær.“

Með umræddri stigatöflu, sem virðist hafa verið búin til af auglýsandanum, var Grundig tækinu ekki gert svo hátt undir höfði, að blekking megí teljast, þar sem það hlaut einmitt plúsa fyrir þá þætti, sem vógu þyngst, t. d. myndgæði. Með þessari setningu gefur stefndi í skyn, að þessi aðferð sé í þessu tilviki í grundvallaratriðum röng.

Telja verður, að stefndi hafi hér tekið of sterkt til orða, en slíkt ber að varast í tilkynningum sem þessari.

Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að stefnandi hafi hér beitt lævísri brellu, og ber því að ómerkja setningu þessa, þar sem hún er óviðurkvæmileg.

Eftir þessari niðurstöðu verður krafa stefnanda um birtingarkostnað ekki tekin til greina, en rétt er að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 90.000 með hliðsjón af útlögðum kostnaði.

Garðar Gíslason, settur borgardómari, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Framangreind ummæli skulu vera dauð og ómerk.

Stefndi, Neytendasamtökin, greiði stefnanda, Nesco h/f, kr. 90.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Priðjudaginn 5. maí 1981.

Nr. 195/1979. **Jóhann Guðmundsson**

(Gunnar Sæmundsson hdl.)

gegn

Hrólfí Ásvaldssyni og

Brunabótafélagi Íslands

og gagnsök

(Hákon Árnason hrl.).

Bifreiðaárekstur. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Magnús P. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 6. nóvember 1979, að fengnu áfrýjunarleyfi 30. október s. á. Hann krefst þess, að gagnáfrýjendur verði dæmdir til að greiða sér óskipt 7.000.00 krónur með 19% ársvöxtum frá 2. nóvember 1978